



Reykjavík, 15. desember 2022

## **Yfirlýsing Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna langvarandi fjársvelti háskólastigsins**

Landssamtök íslenskra stúdenta lýsa yfir þungum áhyggjum af langvarandi fjársvelti háskólastigsins. Í mörg ár hafa stúdentahreyfingarnar kallað eftir auknu fjárframlagi til háskólamenntunar en Ísland er eftirbátur samanburðarþjóða sinna þegar kemur að fjárfestingu í háskólamenntun.

Framlag til íslenskra háskóla eru lág í alþjóðlegum samanburði. Heildartekjur á ársnema við Háskóla Íslands voru 2,9 milljónir árið 2019, til samanburðar voru meðaltekjur á ársnema sama ár við háskóla í Danmörku 5,5 milljónir og 4,8 milljónir í Noregi<sup>1</sup>. Þessi samanburður er sérstaklega varaverður í ljósi lágs menntunarstigs á Íslandi. Aðsókn ungs fólks að háskólanámi er mun minni á Íslandi en í öðrum löndum með svipaða efnahagsstöðu. Einungis 38% ungs fólks á aldrinum 25-34 ára hafa aflað sér háskólamenntunar, samanborið við 51% í Noregi og 49% í Svíþjóð<sup>2</sup>. Því er ljóst að langvarandi fjársvelti háskólastigsins hér á landi verður ekki rökstudd með tilvísan í aðgangsstýringar í ýmsum háskólum Norðurlandanna.

Í afgreiðslu fjárlaga er tækifæri til viðsnúnings og því ætti ráðherra háskólamála ásamt rektorum háskólanna að róa öllum árum að auknu framlagi til háskólanna. Þá skýtur það skökku við, rétt fyrir samþykkt fjárlagafrumvarps, að rektorar opinberu háskólana beita sér fyrir hækkun skrásetningargjalda í stað þess að beita sér af krafti fyrir hækkun á framlagi hins opinbera til háskólastigsins.

Fjármögnun háskólastigsins er á ábyrgð stjórnvalda en ekki stúdenta. Landssamtök íslenskra stúdenta skora því á þingmenn að beita sér í fyrir löngu tímabærri hækkun á fjárframlögum hins opinbera til háskólastigsins. Þá skora landssamtökin á rektora opinberu háskólanna að ganga frekar á vasa hins opinbera fremur en stúdenta. Þær 20.000 kr. sem opinberu háskólarnir

---

<sup>1</sup> Ekki fundust tölur með samanburði norrænu háskólanna og íslenskra háskóla í heild sinni og því er hér einungis vísað í tölur frá Háskóla Íslands: [Sjá upptöku af ársfundi Háskóla Íslands 2021.](#)

<sup>2</sup> [Sjá skýrsla um virði menntunar í íslenskum og alþjóðlegum samanburði sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir BHM.](#)



hyggjast bæta við skrásetningargjaldið<sup>3</sup>, sem nú þegar er hátt, duga skamma leið til þess að lækna fjársveldi skólanna. Þessarar 20.000 kr. eru þó há upphæð fyrir stúdenta en nái breytingin fram að ganga verður heildarupphæð skrásetningargjalda 90% af grunnframfærslu eins mánaðar frá Menntasjóði námsmanna, líkt og Stúdentaráð háskóla Íslands bendir á í yfirlýsingu sinni um málið<sup>4</sup>. Breytingin yrði því veruleg skerðing á jafnrétti til náms en í ljósi lágrar aðsóknar ungs fólks í háskólanám á Íslandi ætti hið opinbera fremur að einbeita sér að því að greiða leið ungs fólks að háskólanámi í stað þess að skapa þeim hindranir.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

---

Alexandra Ýr van Erven

Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta

---

<sup>3</sup> [Sjá fundargerð háskólaráðs 8. desember 2022.](#)

<sup>4</sup> [Sjá Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna undirfjármögnunar Háskóla Íslands og umræðna um hækkun skrásetningargjalda.](#)